

STARFSÁÆTLUN FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐS 2022

SKRIFSTOFUR DALVÍKURBYGGÐAR
MÁLAFLOKKAR 04, 05 OG 06

VIRÐING-JÁKVÆÐNI-METNAÐUR



ÁBYRGÐARMAÐUR:
GÍSLI BJARNASON,
SVIÐSSTJÓRI FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐS DALVÍKURBYGGÐAR

Efnisyfirlit

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs	4
Leiðarljós	4
Hlutverk.....	4
Helstu verkefni og innra starf	4
Innri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs	5
Meginverkefni fjárhagsárið 2022	5
Greinargerð um breytingar	6
Breytingar og nýmæli	6
Lykiltölur/Mælikvarðar	6
Framtíðarsýn til 2025	6
Dalvíkurskóli.....	7
Leiðarljós	7
Hlutverk.....	7
Helstu verkefni og innra starf	7
Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum	8
Helstu verkefni fjárhagsárið 2022	8
Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2022	9
Framtíðarsýn til 2025	9
Lykiltölur	10
Frístund	11
Leiðarljós	11
Hlutverk.....	11
Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2022	11
Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2022	11
Lykiltölur	12
*Meðaltal haust og vor.....	12
Framtíðarsýn til 2025	12
Árskógarskóli.....	12
Leiðarljós	12
Hlutverk.....	12
Helstu verkefni og innra starf	12
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	13
Meginverkefni fjárhagsárið 2022	13
Ný verkefni og verkefni sem stöðugt eru í endurskoðun	14
Framtíðarsýn til 2025	14
Krílakot	15



DALVÍKURBYGGÐ



Leiðarljós	15
Hlutverk.....	15
Helstu verkefni og innra starf	15
Fagráð, nefndir og vinnuhópar:.....	16
Meginverkefni og áhersluatriði næsta árs, 2022	16
Greinargerð um breytingar og nýmæli	17
Lykiltölur	17
Bókasafn Dalvíkurbyggðar	19
Leiðarljós	19
Hlutverk.....	19
Helstu verkefni og innra starf	20
Meginverkefni næsta árs (2022)	20
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	21
Upplýsingamiðstöðin.....	21
Greinargerð um breytingar og nýmæli.....	22
Lykiltölur	22
Framtíðarsýn til 2025	23
Héraðsskjala- og listaverkasafn Svarfdæla	23
Leiðarljós	23
Hlutverk.....	23
Helstu verkefni og innra starf	24
Meginverkefni næsta árs (2022)	24
Greinargerð um breytingar og nýmæli	25
Lykiltölur	25
Framtíðarsýn til 2025	25
Leiðarljós	26
Hlutverk.....	26
Helstu verkefni og innra starf	26
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	27
Meginverkefni næsta árs (2022)	27
Verkefni sem byrjað var á 2020 sem voru klárað árið 2021	28
Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2022	28
Húsnæðismál	28
Lykiltölur	28
Framtíðarsýn til 2025	29
Víkurröst/Barna- og unglingastarf - félagsmiðstöð	29
Leiðarljós og hlutverk	29
Helstu verkefni og innra starf	29
Meginverkefni næsta árs (2022)	30
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	30
Starfsmannamál	30
Upplýsingaflæði	30



Lykiltölur	30
Framtíðarsýn.....	31
Íþróttamiðstöðin á Dalvík.....	31
Leiðarljós og hlutverk	31
Helstu verkefni og innra starf	31
Meginverkefni næsta árs (2022)	32
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	32
Starfsmannamál.....	32
Lykiltölur	32
Framtíðarsýn til 2025	32

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs

Leiðarljós

Að Dalvíkurbyggð sé öflugt lærdómssamfélag án fordóma. Að skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að allir séu virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Að þeir einstaklingar sem fara frá skólunum verði tilbúnir til að takast á við eigin framtíð. Grunnur að góðu samfélagi er blómlegt menningarlíf og grasrótastarf sem byggir á þeim mannauði sem íbúar sveitarfélagsins mynda og varðveita. Áhersla er lögð á lýðheilsu og metnaður lagður í uppbyggjandi frístundir og faglegt starf.

Hlutverk

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar starfar samkvæmt lögum um æskulýðsmál, menningarmál, leik-, grunn-, og tónlistarskóla og samkvæmt sameiginlegri menntastefnu fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Hlutverk skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er margþætt en skrifstofan fer með málefni fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsmála. Þau ráð sem starfa með skrifstofunni eru fræðsluráð, menningarráð, íþrótt- og æskulýðsráð, skólanefnd Tónlistarskólans á Tröllaskaga og byggðaráð þegar við á.

Helstu verkefni og innra starf

- Að hafa frumkvæði að stefnumótun þegar við á og taka þátt í stefnumótunarvinnu með stofnunum sviðsins.
- Stuðla að því, með þeim úrræðum sem hún hefur, að hver stofnun verði framúrskarandi á sínu sviði.
- Veita stjórnendum, starfsmönnum og þegar við á íþróttafélögum stuðning við margvísleg verkefni, s.s. starfsmannamál, fjármál og styrkumsóknir.
- Veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum ráðgjöf þegar eftir því er leitað.
- Eftirlit með innra og ytra mati á skólum og styðja við framkvæmd á því.
- Stuðla að því að börn í sveitarfélaginu fái góða þjónustu, hvort sem snýr að námi eða frístundum og að allir íbúar og gestir hafi fjölbreytt tækifæri til frístundaiðkunar.
- Stuðla að því að blómlegt menningarlíf sé í boði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins og að grasrótastarfsemi dafni.
- Gera samninga við verktaka, samstarfsaðila og styrkþega.
- Fylgja eftir að fjármunum sviðsins sé varið á skilvirkan hátt og nýting þeirra stuðli að framþróun og háu þjónustustigi.
- Starfsfólk sé í góðum samskiptum við fjölda aðila og leggur sig fram um að veita góða þjónustu í störfum sínum.
- Unnið að forvarnarmálum í samstarfi við félagsmálasvið.



Ytri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi skóla Dalvíkurbyggðar, íþróttar- og æskulýðsstarf og menningarstarfsemi.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.
- Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri. (Samningur um kennsluráðgjöf)

Innri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs

- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagráð sem tilheyrir fræðslu – og menningarsviði.
- Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins, Íþróttamiðstöð, Félagsmiðstöðin Týr, Byggðasafnið Hvoll, Bóka- og héraðsskjalasafn og Tónlistarskólinn á Tröllaskaga.
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar sem sinna fræðslumálum, íþróttar- og tómstundastarfi, menningar- og safnamálum.
- Menningarhúsið Berg.

Meginverkefni fjárhagsárið 2022

- Þátttaka og eftirfylgni með mótun menntastefnu til 2030.
- Unnið að innleiðingu nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Unnið eftir þeim matsviðmiðum sem koma fyrir í menntastefnu Dalvíkurbyggðar í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
- Endurskoðun á starfsemi og rekstri grunnskólanna í sveitarfélaginu í tengslum við nýja Menntastefnu Dalvíkurbyggðar. Markmiðið er að ná fram tillögu að framtíðarfyrirkomulagi þar sem horft verði sérstaklega til félags- og námslegra þátta, þróunar á launakostnaði og fjárhagi skólanna.
- Á skólaárinu 2021 – 2022 verður teymiskennsla eflað enn frekar í skólum Dalvíkurbyggðar með tilkomu styrks úr Sprotasjóði.
- Áframhaldandi starf hvað varðar eflingu Uppbyggingarstefnunnar í Dalvíkurbyggð.
- Unnið að innra – og ytra mati í leik – og grunnskóla.
- Þátttaka í haust- og vorfundum Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda á fræðsluskrifstofum.
- Uppfærslur og endurbætur á heimasíðum stofnana sem heyra undir fræðslu- og menningarsvið.
- Stuðningur vegna starfsþróunar starfsmanna á fræðslu- og menningarsviði.
- Gera verkefnið Heilsueflandi Dalvíkurbyggð sýnilegra í sveitarfélaginu.
- Vinna að lýðheilsustefnu fyrir Dalvíkurbyggð í samráði við íþróttar – og æskulýðsráð og aðra hagsmunaaðila.
- Efla tengsl skólanna við skólaskrifstofu og félagsmálasvið Dalvíkurbyggðar.

- Stuðningur við stjórnendur í erfiðum hegðunar - og agamálum.
- Kortleggja aðbúnað skólanna með því að horfa til framtíðar í menntamálum.
- Unnið að innleiðingu á nýju frumvarpi frá félagsmálaráðuneyti: „*Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna*“ í samráði við félagsmálasvið og heilsugæslu.

Greinargerð um breytingar

Breytingar og nýmæli

- Unnið eftir nýrri menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Unnið verður áfram að lýðheilsustefnu Dalvíkurbyggðar og reiknað verður með að þeirri vinnu ljúki á vorönn 2022.
- Unnið að innleiðingu á nýju frumvarpi frá félagsmálaráðuneyti „*Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna*“ í samráði við félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar og Heilsugæslu Dalvíkurbyggðar.

Lykiltölur/Mælikvarðar

	2019	2020	2021	2022
Fjöldi funda fræðsluráðs	10	10	11	11
Fjöldi starfsmanna	2	2	2,20	2,20
Fjöldi starfsmanna með háskólapróf	2	2	2,20	2,20
Kynjahlutfall starfsmanna (fastráðnir)	100% kk.	100%kk	66% kk.	66% kk.
Meðalstarfsaldur	2,65	3,75	3,67	4,67
Meðallífaldur	47,5	48,5	45,7	46
Hlutfall starfsmanna sem fóru í starfsmannasamtal	100%	100%	100%	100%
Frávik frá fjárhagsáætlun, skólaskrifstofa	96,21%	81,00%		
Frávik frá fjárhagsáætlun, fræðslumál í heild	97%	102,2%		
Frávik frá fjárhagsáætlun, íþróttar – og æskulýðsmál í heild	100%	100,6%		
Frávik frá fjárhagsáætlun, Menningarmál í heild	96%	90,2%		

Framtíðarsýn til 2025

Forsendur

Forsendur áætlunar til þriggja ára byggir að stærstum hluta á þeim forsendum sem fram koma í samþykktum um fjárhagsáætlanuferli Dalvíkurbyggðar ár hvert.

- Innleiðing á menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Endurnýjun á tölvu- og hugbúnaði samkvæmt endurnýjunaráætlun.
- Tryggja áfram góða þjónustu og að allar stofnanir sem tengjast fræðslu- og menningarsviði verði til fyrirmyndar þar sem rík áhersla verður á starfsánægju og metnað í leik og starfi.



Dalvíkurskóli



Leiðarljós

Þekking og færni – virðing og vellíðan eru einkunnarorð skólans og er lagt upp með þau í öllu starfinu. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum.

Hlutverk

Dalvíkurskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og skólafélag Dalvíkurbyggðar. Grunnskólinn er undirbúningur einstaklingsins fyrir frekara nám og til að takast á við lífið. Áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda svo þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við síbreytilegar aðstæður í framtíðinni. Nauðsynlegt er að hver nemandi fái tækifæri til að nýta hæfni sína og áhugasvið svo hann megi sem best þroskast, dafna og ná góðum árangri í námi.

Helstu verkefni og innra starf

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólaþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald og kynna fyrir íbúum þess. Skólastjóri grunnskóla stjórnar honum í umboði sveitarstjórnar. Skólastjóri kynnir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, í hvetjandi námsumhverfi, í viðeigandi húsnæði, sem tekur mið að þörfum þeirra og almennri vellíðan.

Þróunar- og stýrihópar skipaðir starfsfólki sem verða starfandi skólaárið 2021– 2022.

- **Umhverfisnefnd:** Vinnur að verkefnum til að viðhalda Grænfánanum, vinnur að stefnumótun í umhverfismálum, sér um gerð framkvæmdaáætlunar, velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir.
- **Eineltisteymi/samskiptateymi:** Fylgir eftir stefnu skólans í vörnum gegn einelti, vinnur að forvörnum og úrlausnum eineltismála.
- **Fagráð/innra mat:** Fundar hálfsmánaðarlega. Sérfræðingur á skólaskrifstofu Dalvíkurbyggðar vinnur með hópnum og skilar fundargerðum til fræðsluráðs. Hlutverk fagráðs er að styðja við faglegt starf í Dalvíkurskóla og vera upplýsandi fyrir fræðsluráð Dalvíkurbyggðar um starf skólans. Einnig mun fagráðið vera leiðandi í vinnu við leiðsagnarmat í Dalvíkurskóla, vinna að innra mati skólans og gera þriggja ára áætlun um hvað skuli meta, hvenær og hvernig. Fagráðið fylgir eftir að unnið sé markvisst eftir umbótaáætlun sem kemur fram í innra matskýrslu skólans sem hópurinn sér um að skrifa.
- **Stýrihópur um uppsetningu verkefna og hönnun:** Skipuleggur og heldur utan um verkefni nemenda sem hengd eru upp á vegg skólans.



DALVÍKURBYGGÐ



- **Stýrihópur um læsi:** Vinnur að eflingu læsis, stefnumótun og framkvæmd læsisstefnu skólans og Dalvíkurbyggðar í skólanum.

Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum

- Samstarf við Árskógarskóla var aukið þar sem að sami skólastjóri er yfir báðum skólunum.
- Samstarf var við Tónlistarskóla á Tröllaskaga um tónmenntakennslu í skólanum og fór sú kennsla fram í húsnæði Dalvíkurskóla. Gerður er skriflegur samstarfssamningur við TÁT fyrir hvert skólaár.
- Samstarf var við félag eldri borgara á Dalvík þar sem þeir koma inn í skólann og aðstoða með lestur á yngri stigi. Einnig fara nemendur í sérstakar spilastundir í Mímisbrunn sem er húsnæði félags eldri borgara á Dalvík (þessar stundir féllu niður vegna COVID-19 síðasta vetur).
- Samstarf var við leikskólann Krílakot um nám elstu barna þar og 1. bekkjar í Dalvíkurskóla. Markvisst ferli er á því hvernig tilfærslu milli skólastiganna er hagað.
- Bókasafn Dalvíkurskóla og Bókasafn Dalvíkurbyggðar eiga með sér samstarf um millisafnalán. Nemendur skólans heimsækja einnig bókasafn Dalvíkurbyggðar undir leiðsögn starfsmanns bókasafnsins og kennara sinna.
- Aukið samstarf við Byggðasafnið Hvol á Dalvík þar sem nemendur vinna verkefni í tengslum við safnið.
- Gott samstarf er við Félagsmálasvið Dalvíkurbyggðar, Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og HSN Dalvík.
- Gott samstarf hefur verið við fyrirtæki í Dalvíkurbyggð um að taka nemendur í tímabundið starfsnám (féll niður vegna COVID-19 síðasta vetur).

Helstu verkefni fjárhagsárið 2022

- Unnið að innleiðingu nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Innleiðing Mentorkerfisins verður haldið áfram með innleiðingu hæfnikorta nemenda þar sem haldið verður áfram að setja kennsluáætlanir og námslotur inn í kerfið.
- Áhersla verður áfram á læsi, lestrarsprettir skipulagðir í öllum bekkjum skólans og heimalestri fylgt eftir af kennurum í öllum bekkjum. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis hjá yngstu nemendum.
- Halda áfram að nýta og þróa upplýsingatækni í skólastarfi.
- Þátttaka í Erasmus verkefni með áherslu á sýndarveruleika í námi, seinna árið.
- Samstarfssamningur við MSHA (Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri) um skólaþjónustu, áhersla á að efla teymiskennslu og innleiðingu menntastefnu.
- Kennarar vinni markvisst að innra mati í samræmi við matsáætlun.
- Unnið verður eftir umbótaáætlun samkvæmt innra matsskýrslu skólans.
- Kennarar kynni sér og þekki helstu stefnuþlög skólans.
- Samstarf við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem sér um tónmenntakennslu í skólanum.
- Grænfána flaggað í fimmta sinn vorið 2022.
- Efla nemendalýðræði og þátttöku nemenda í eigin námi.
- Unnið áfram eftir Uppbyggingarstefnunni.
- Leita leiða til að styrkja góðan bekkja- og skólabrag.



- Agamál – samstarfsverkefni heimilis og skóla.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, samvirkt nám og fjölmennningarlegar kennsluaðferðir.
- Stoðteymi skólans eftl.
- Skólaþjónusta eflað í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, MSHA.

Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2022

Ekki verða miklar breytingar á starfsemi skólans, nemendafjöldi verður svipaður næstu árin. Endurnýjun á húsgögnum fyrir nemendur og kennsluumhverfi. Endurnýjun á lýsingu í kennslurýmum. Haldið áfram að endurnýja tækni- og tölvubúnað.

Framtíðarsýn til 2025

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu- og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Taka til endurskoðunnar stefnu í upplýsinga- og tæknimennt í Dalvíkurskóla
- Huga þarf að endurbótum á skólahúsi, vinna viðhaldsáætlun í samstarfi við eigna- og framkvæmdadeild.
- Meta hvort bæta megi aðstöðu á skólalóð.
- Haldið verður áfram að vinna eftir umbótaáætlun frá iðjuþjálfra sem tók út vinnuaðstöðu starfsmanna. Vinnuaðstæður starfsmanna bætta.
- *Grænfánanum* verður flaggað í fimmta sinn vorið 2022.
- Endurnýja að lágmarki eitt bekkjarsett af húsgögnum í eina kennslustofu á næstu árum.



DALVÍKURBYGGÐ

Lykiltölur

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Nemendafjöldi	220	219	212	210	214	214
Starfsmannafjöldi	48	48	49	50	49	49
Meðalstarfsaldur á starfsstað	7,6	8	9,2	11	11	11
Heildarfjöldi stöðugilda	37,39	37,89	36,89	36,64	37,66	37,66
Fjöldi stjórnenda/stöðugildi í stjórnenda	3/2	3/2	3/2	3	3	3
Fjöldi stöðugilda kennara	20	20,5	20,5	20,5	19,4	19,4
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	4,89	4,89	4,89	4,89	4,89	4,89
Fjöldi annarra stöðugilda	10,5	10,5	9,5	9,5	9,5	9,5
Heildarstærð húsnæðis	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk				40	37	
	22	42	45			
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur				48 og 34 chromeb.	26 pc og 27 chromeb.	
	50	39	41			
Fjöldi spjaldtölva						
	78	68	78	108		
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	88%	92%	92%	90%	76%	100%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	70%	58%	77%	77%	53%	
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	97%	98,43%	96,57%	95%	92,1%	
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	97%	93%	94%	Ekki mælt	94,7%	
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	81%	81%	81%	88%	Ekki mælt	
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	100%	95,24%	95,24%	94,8%	Ekki mælt	
Hlutfall starfsfólk sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mán	100%	90,48%	100%	100%	96%	
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	77%	95,24%	95,24%	Ekki mælt	Ekki mælt	
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	2,00%	2,00%	4%	4%	2%	
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	16%	17%	18%	18%	19,7%	
Kynjahlutfall nemenda (kvk.)	43,60%	45%	45%	44%	46%	
Kynjahlutfall starfsfólks (kvk.)	80%	84%	84%	88%	83%	
Frávik í fjárhagsáætlun	101%	106%	100,7%	105%		



Frístund

Leiðarljós

Að börnum líði vel og þau fái notið sín í frjálsum leik á sínum forsendum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.

Hlutverk

Markmið *Frístundar* er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barna sem *Frístundar* njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem þetta er í raun frítími barnanna. Einnig er heimanám í boði, hópastarf og skapandi verkefni.

Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2022

Frístund er rekin sem sjálfstæð rekstrareining hjá Dalvíkurbyggð og er hún fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Skólastjóri Dalvíkurskóla er ábyrgur fyrir starfsemi Frístundar. Foreldrar skrá börn í Frístund hjá skólaritara Dalvíkurskóla. Skólaritari sendir upplýsingar um Frístund til foreldra nemenda í 1. – 4. bekk áður en skóli byrjar.

Helstu verkefni:

- Setja dagskipulag á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Auka tengsl Frístundar við starfið í Dalvíkurskóla og samræma reglur.
- Skilgreina betur hvað er gert í *Frístund* og upplýsa foreldra.
- Þróa innra mat á *Frístund* í samvinnu við fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar.
- Nota Mentor sem samskiptaforrit við foreldra.
- Auka tengsl *Frístundar* við kennarateymi yngstu bekkjanna.
- Að starfsmaður Frístundar sitji fundi með kennarateymi yngsta stigs reglulega.
- Aukin tengsl milli Bókasafns Dalvíkurskóla og *Frístundar* með það að leiðarljósi að auka færni í lestri.
 - Auka samstarf við kennara og upplýsingaflæði vegna heimanáms/lesturs nemenda.

Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2022

Ekki eru neinar fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Frístundar. Gert er ráð fyrir að Frístund nýti það húsnæði sem tilheyrir Dalvíkurskóla eftir kl. 13:35. Fjöldi barna í Frístund er misjafn á milli ára en gert er ráð fyrir svipuðum fjölda barna.



DALVÍKURBYGGÐ

Lykiltölur



	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi barna sem skráð eru í Frístund	34		21	22	28*	32
Fjöldi starfsmanna	3	3	2	2	3	3
Fjöldi stöðugilda	1,19	1,19	1,19	0,81	0,88	0,93
Fjöldi klst. í vistunartíma pr. mánuð	840,7		804	840	910	1030
Frávik frá fjárhagsáætlun	73%	84%	78,2%	97%		

*Meðaltal haust og vor

Framtíðarsýn til 2025

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu- og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Að gera aðstöðu í Frístund ætíð heimilislega og aðlaðandi fyrir nemendur.

Árskógar skóli

Leiðarljós

Einkunnarorð skólans eru: Gleði – virðing – þrautseigja.

Árskógar skóli er athvarf nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli á leik- og grunnskólastigi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum í leik, námi og starfi.

Hlutverk

Árskógar skóli er fyrir börn frá níu mánaða til 12 ára aldurs eða til loka 7. bekkjar grunnskóla. Árskógar skóli starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 og vinnur eftir *Aðalnámskrám leik- og grunnskóla frá 2013 og menntastefnu Dalvíkurbyggðar*. Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið í þeim síbreytilega heimi sem við búum við í dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns.

Helstu verkefni og innra starf

- Framkvæmd náms og kennslu er meginverkefni skólans.
- Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.
- Leikskólinn annast í samvinnu við foreldra, uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við markmið laga.
- Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

- Nemendaverndarráð sem einnig gegnir hlutverki eineltisteymis er starfandi við skólann og fundar sex sinnum á ári.
- Skóla- og foreldraráð, þvert á skólastig, er starfandi við skólann. Það fjallar um starfið, námsumhverfið og fleira samkvæmt hlutverki sínu í lögum.
- Skólastjórnendur gefa út fréttabréf og viðburðadagatal í hverjum mánuði.
- Deildarstjóri sendir starfsfólki póst í hverri viku þar sem kemur fram hvað sé framundan í skólastarfinu.
- Áfram unnið að innleiðingu hæfnikorta í Mentor skráningarkerfinu fyrir grunnskóla.
- Heimasíða Árskógarskóla er virk og efni aðgengilegt og uppfært reglulega. Þar er að finna allar upplýsingar sem snerta skólastarfið m.a. skólanámskrá, starfsáætlun og kennsluáætlanir.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Skipulag og nýting kennslurýma og kennsluáðstæður í samræmi við kennsluhætti.
- Aukið samstarf við Dalvíkurskóla.
- Bókasafnið á Dalvík sendir reglulega bókakassa í skólann til að auka úrval bóka. Nemendur skólans heimsækja safnið reglulega.
- Reglulega eru haldnar brunaæfingar með slökkviliði.
- Samvinna með félagsmálasviði um málefni nemenda, nemendaverndarráð.
- Sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna Dalvíkurbyggðar.
- Tónlistarskólakennarar kenna nemendum á skólatíma. Einnig sinnir kennari frá Tónlistarskólanum tónmenntakennslu í 1.-7. bekk og er með söng og spilastund á leikskólastigi.
- Þroskaþjálfari kemur vikulega í skólann frá Dalvíkurskóla. Þaðan kemur einnig iðjuþjálfari eftir þörfum hverju sinni.

Meginverkefni fjárhagsárið 2022

- Unnið að innleiðingu nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Haldið áfram að styrkja enn frekar við skólastarfið í samráði við hagsmunaaðila.
- Efla stuðning, ráðgjöf og leiðsögn til kennara til að kenna nemendum í fjölbreyttum nemendahópi.
- Efla teymiskennslu og samstarf kennara leik- og grunnskóla.
- Innleiða hæfnikort í Mentor, námsmat.
- Málörvunarvinnu þarf að efla í samvinnu við talmeinafræðinga.
- Útiskólakennsla eflað og haldið áfram uppbyggingu útiskólasvæðisins.
- Unnið eftir læsisstefnu Dalvíkurbyggðar.
- Endurskoða uppsetningu skýrslu um innra mat í samstarfi við fræðsluvið.
- Áfram unnið að verkfærum/matstækjum fyrir kennara til að styðja við snemmtækan stuðning í nám nemenda á leik- og grunnskólastigi í samvinnu við aðra fagaðila.

- Viðhalda verkfærum Uppbyggingarstefnunnar og fræðslu um hana.
- Þróa samstarf milli skólastiga í markvissri málörvun, lestrarkennslu og í fjölbreyttri kennslu m.a. útinámi.
- Áfram unnið að bættum námsárangri í lestri og stærðfræði. Rýnt í niðurstöður staðlaðra prófa til að fá vísbendingar til að bæta kennsluhætti. Unnið að gerð einstaklingsáætlana.
- Kennsluáætlanir unnar út frá hæfni.
- Mynda teymi utan um börn sem hafa þörf fyrir meira utanumhald.
- Unnið eftir umbótaáætlun í kjölfar ytra mats MMS (Menntamálastofnunar).
- Sund- og smíðakennsla verður áfram á Dalvík haust og vor.

Ný verkefni og verkefni sem stöðugt eru í endurskoðun

- Læsisstefna Árskógarskóla.
- Uppbyggingarstefnan.
- Skóli á grænni grein-Grænfáni.

Lykiltölur

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Nemendafjöldi	39	37	33	34	40	40
Börn á leikskólaaldri	17	18	11	11	13	13
Börn á grunnskólaaldri	22	19	22	23	27	27
Barngildi leikskólabarna	21,8	21,7	11,5	15,3	19,1	19,1
Dvalargildi leikskólabarna	126,6	136,4	85	92	92	92
Á virkum biðlista um leikskólaláss	0	0	0	0	0	0
Starfsmannafjöldi	11	11	12	12	12	13
Heildarfjöldi stöðugilda	7,67	7,67	8,68	8,68	9	9
Fjöldi stjórnenda	2	2	2	2	2	2
Hlutfall stöðugilda kennara	70%	70%	70%	70%	70%	70%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0	0	0	0,5	0,5	0,5
Fjöldi annarra stöðugilda	2,3	2,3	2,3	2,3	2,3	2,3
Heildarstærð húsnæðis	652,4	652,4	652,4	652,4	625,4	625,4
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	5	8	8	8	6	
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	12	10	10	10	12	
Fjöldi spjaldtölva	14	17	17	17	17	17

Framtíðarsýn til 2025

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu- og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun verði endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Huga að endurbótum á skólahúsi, vinna viðhaldsáætlun í samstarfi við eigna og framkvæmdadeild.
- Gera á ráð fyrir myndavélakerfi við skólann, bæði inni og úti.



Krílakot

Leiðarljós

Á Krílakoti er leitast við að sinna uppeldis-, umönnunar- og menntunarhlutverki til samræmis við aðalnámskrá leikskóla, lög, reglugerðir og menntastefnu Dalvíkurbyggðar.

Gleði – sköpun – þor eru einkunnarorð Krílakots.

Leitast er við að koma ávallt til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum er gilda um leikskóla sem og reglum og samþykktum sveitarstjórnar. Að unnið sé eftir menntastefnu Dalvíkurbyggðar sem er í gildi hverju sinni. Að starfsmenn Krílakots vinni saman að markmiðum sem samstilltur hópur í samræmi við gildi skólans. Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skuli fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt. Eins er haft að leiðarljósi að sýna börnum, foreldrum og samstarfsmönnum ávallt jákvætt og vinsamlegt viðmót.

Hlutverk

Leikskólinn Krílakot starfar eftir aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Dalvíkurbyggð býður upp á leikskólavist ef kostur er, frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs. Forgang hafa börn frá 2ja - 6 ára.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Þau hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðisþjónustu, mati og eftirliti ásamt öflun og miðlun upplýsinga og framkvæmd leikskólustarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess (4. gr. laga um leikskóla nr. 90 frá 2008).

Á Krílakoti dvelja að jafnaði um 100 börn, vistunartími þeirra er frá 4 klst. til 8,5 klst. á dag. Starfsmenn eru rúmlega 30 í stöðuhlutföllum frá 37,5% upp í 100% starfshlutfall.

Markmið skólans er að leggja grunn að alhliða þroska barna svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi á skapandi, virkan og ábyrgan hátt. Leitast er við að skapa hvetjandi námsumhverfi með tilliti til þarfa barnanna og almennri vellíðan þeirra.

Helstu verkefni og innra starf

- Unnið að innleiðingu nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- *Uppeldi til ábyrgðar*: Reglur samræmdar og gerðar sýnilegar. Deildarsáttmálar gerðir fyrir hverja deild sem og starfsmannasáttmáli.
- Grænfáni: Viðfangsefni ársins eru áttthagi og lýðheilsa.
- Læsi: Unnið með *Lubbi finnur málbein*, *Orðaleik* og *LAP*.
- Stærðfræði: Unnið með Numicom og MIO.
- Útikennsla styrkt með fjölbreyttari verkefnum og markvissari vettvangsferðum.
- Heilsueflandi leikskóli.
- Samverustundir fyrir pólska nemendur skólans einu sinni í viku fyrir hvert barn í umsjón pólskra kennara.
- Safnakennsla: Þrír elstu árgangarnir fara vikulega í safnakennslu í bókasafni Dalvíkurbyggðar

Elsti árgangurinn fer í safnakennslu í Hvoli hluta vetrar.

- Tónlistarskóli: Tónlistarkennari frá Tónlistarskóla Tröllaskaga kemur vikulega á Krílakot og er með tónlistarkennslu fyrir börnin á Hólakoti.
- Íþróttakennsla: Tveir elstu árgangarnir fara vikulega í íþróttatíma í íþróttamiðstöðinni auk sundkennslu að vori og hausti fyrir börnin á Kátakoti og Hólakoti.
- Mötuneyti: Allur matur er eldaður frá grunni og brauð bökun á staðnum. Hollusta og mannelismarkmið frá landlækni höfð að leiðarljósi.
- Deildarstjórafundur: Vikulegir fundir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, verkefnastjóra sérkennslu og deildarstjóra allra deilda. Farið er yfir vikuna, rætt um það sem framundan er, starfsáætlanir og fleira.
- Deildafundur: Eru sex á ári samkvæmt dagatali.
- Skólaskrifstofa: Skólaskrifstofa er Krílakoti til stuðnings og utanumhalds eftir þörfum.
- Félagsmálasvið: Proskapjálfi sem starfar á félagsmálasviði situr fundi nemendaverndarráðs sem eru á sex vikna fresti. Þar er farið yfir málefni einstakra barna og þeim beint í farveg eftir því sem þurfa þykir.
- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð: Unnið að því áfram með öðrum fagsviðum.

Fagráð, nefndir og vinnuhópar:

- Faghópur með umsjón yfir *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Faghópur með umsjón yfir *Lubbi finnur málbeinið*, Orðaleik og LAP.
- Faghópur með umsjón yfir *MIO*.
- Faghópur með umsjón yfir *Útikennslu* og Grænfána verkefnum.
- Faghópur með umsjón yfir *Heilsueflandi leikskóli*.

Meginverkefni og áhersluatriði næsta árs, 2022

Árið 2022 verður unnið áfram með verkefnum sem talin eru upp hér að ofan. Auk þess verður unnið að innleiðingu menntastefnu Dalvíkurbyggðar

Starfmenn fara í námsferð til Brighton 20. – 24. apríl 2022

Fastir viðburðir:

- Útivistardagur með 1. bekk Dalvíkurskóla.
- Jólasveinavísur fluttar á litlu jólunum í Dalvíkurskóla.
- Jólaföndur með foreldrum.
- Kaffihúsaferð á aðventunni hjá Mánakoti, Kátakot og Hólakoti, Sólkot og Skýjaborg fá „spari“ ávexti í boði foreldrafélagsins.
- Ævintýraferð Hólakots.
- Þorrablót.
- Öskudagsgleði.
- Útskriftarferð Hólakots.
- Sveitaferð á vegum foreldrafélags Krílakots.
- 17. júní skruðganga. Farin 16. júní.



DALVÍKURBYGGÐ

Greinargerð um breytingar og nýmæli

HÚSNÆÐISMÁL:

- Leikskólastjóri sendi bréf til starfsmanna Eigna- og framkvæmdadeildar í júní 2021 varðandi óskir um viðhald fyrir leikskólann Krílakot.
- Við úttekt á lóð í sumarlokun 2021 bárust fjölmargar athugasemdir vegna viðhalds og öryggis á leikskólalóðinni sem þarf að bregðast við nú þegar.

STARFSMANNAMÁL:

- Vinna þarf að því að ráða fleiri fagmenntaða starfsmenn.
- Vinna þarf að því að skapa svigrúm fyrir starfsmenn að sækja nám og endurmenntun.

ANNAÐ:

- Huga að samstarfi við aðra leikskóla víðs vegar um land í tengslum við verkefni okkar til eflingar starfsins, auka þekkingu og efla tengslanet.

Lykiltölur

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Nemendafjöldi	101	101	96	88	76*	76*
Barngildi leikskólabarna	133,2	131,5	124,3	111,5	99*	99*
Dvalargildi leikskólabarna	754	743	711	676	594*	594*
Starfsmannafjöldi	34	33	32	33	32**	32**
Meðalstarfsaldur á starfsstað	5,3	6,2	5,5	5,6
Heildarfjöldi stöðugilda	27	27**	27,22	27,4	25,73***	27,5
Fjöldi stjórnenda	7	7	7	7	7	7
Hlutfall stöðugilda leikskólakennara	34%	48,8%	38%	34,5%	39,5	39,5
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0,9	0,9	0,95	0,95	0,95	0,95
Fjöldi annarra stöðugilda	16	16,68	16,85	16,93	15,55	15,55
Heildarstærð húsnæðis	970 m ²	970 m ²	970 m ²	970 m ²	970 m ²	970 m ²
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	6	6	6	6	11	
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	0	0	0	0	0	0
Fjöldi spjaldtölva	13	17	17	17	17	19
Fjöldi spjaldtölva nemendur	0	0	0	0	0	0
Heildarfjöldi launalausra frídaga (+ólaunað orlof)	175	179,4	68,21	164,7	3,9	



DALVÍKURBYGGÐ

Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk var fjarverandi	111,33	59,1	48,97	48,3	29,4	
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	70%	74%	85%	99%		
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	100%	98,6%	-----	-----		
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	94%	94%	90,5%	99%		
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	60%	75%	78%	75%		
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	100%	100%	100%	100%		
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuðum	83,3%	100%	100%	42,9%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	84%	92%	100%	-----		
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	16%	12%	12,5%	12,5%	12,5	
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	20%	24%	25%	26%	21	
Kynjahlutfall nemenda	51% kvk.	55% kvk.	51% kvk.	53%kvk.	53% kvk.	
Kynjahlutfall starfsfólks	96,7 kvk.	90,1 % kvk.	93,75% kvk.	93,5%	97% kvk.	
Frávik í fjárhagsáætlun	103,5%	104%	92%	92%		

*Staðan miðað við 1. september 2021. Eftir að aðlaga átta börn samkvæmt biðlista.

**Stöðugildi með þeim sem eru í veikindafrii 1 september 2021.

*** Eftir á að ráða í 100% starf fyrir starfsmann sem lét af störfum 31. ágúst 2021.

Framtíðarsýn til 2025

Forsendur

Ekki er gert ráð fyrir að gera breytingar á rekstri Krílakots heldur er áherslan lögð á að verða framúrskarandi í þeim verkefnum sem við erum nú þegar að vinna í og öðrum leikskólum til eftirbreytni.

Áfram þarf að vinna við að bæta aðstöðu á komandi árum, bæði nemenda og starfsmanna.

- Námsferð starfsmanna árið 2022 erlendis þar sem við bætum við þekkingu okkar á útikennslu og í stærðfræði.
- Á starfsdögum að vori verði farið í námsferðir. Erlendis á fjögurra ára fresti, lengri ferðir innanlands á fjögurra ára fresti og styttri ferðir innanlands annað hvert ár.
- Skapa aukið svigrúm fyrir starfsmenn að sækja nám og endurmenntun til að efla sig og styrkja í starfi.
- Endurnýja tölvur samkvæmt endurnýjunaráætlun tölvubúnaðar í Dalvíkurbyggð.

- Endurnýja þarf stóla í undirbúningsherbergjum í áföngum.
- Endurnýja þarf borðbúnað fyrir mötuneyti í áföngum.
- Endurnýja þarf borð og stóla fyrir nemendur í áföngum.
- Endurnýja þarf kennarastóla í fataklefum í áföngum
- Bæta þarf vinnuaðstöðu starfmannna í undirbúningsherbergjum.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu verkefnastjóra sérkennslu

Bókasafn Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum. Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu (úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn, 1994). Bókasafn Dalvíkurbyggðar einsetur sér að mæta þörfum sem flestra og endurskoða stöðugt hlutverk sitt með gagnrýni og umbætur að leiðarljósi.



Hlutverk

Hlutverk almenningsbókasafns innan sveitarfélagsins er að veita aðgang að þekkingu, afþreyingu og upplýsingum. Læsi er ein af undirstöðum þekkingarleitar og er það hlutverk Bókasafns Dalvíkurbyggðar að styðja við og efla læsi í byggðarlaginu hjá ungum sem öldnum. Menningarlegt hlutverk bókasafna hefur verið að breytast síðastliðin ár samfara örum tækni- og þjóðfélagsbreytingum og tekur Bókasafn Dalvíkurbyggðar virkan þátt í þeirri þróun. Almenningsbókasöfn hjálpa til við mótun samfélagsins, styðja við sjálfsmynd þess og endurspeglja fjölbreytta flóru íbúa samfélagsins. Íbúar Dalvíkurbyggðar og aðrir gestir eiga að geta treyst því að starfsfólk safnsins leitist við að gera þeim dvölinna á safninu að jákvæðri og örverandi upplifun í samveru jafnt sem einveru.

„Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslið almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði“ (Bókasafnalög, 2013).



Helstu verkefni og innra starf

Á bókasafninu eru þrír starfmenn í samtals 1,10 stöðugildum. Yfir sumartímamann bætist við 1,80 stöðugildi sem skiptist á afleysingar á bókasafni og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Sumarafleysingar eru nú með nýju móti þar sem auglýst er eftir starfsmönnum í afleysingar á söfnum Dalvíkurbyggðar. Starfsmenn skiptast þá á að vinna verkefni á bókasafni, upplýsingamiðstöð og Byggðasafninu Hvoli.

Helstu verkefni bókasafns Dalvíkurbyggðar eru að:

- Kaupa og tengja nýútgefnar bækur, hljóðbækur, dagblöð og tímarit til aflestrar á safni eða til útláns.
- Halda utan um útlánatíma og rukka fyrir vanskil.
- Sjá um millisafnalán fyrir viðskiptavini.
- Aðstoða viðskiptavini við hvers kyns upplýsingagjöf.
- Aðstoða viðskiptavini við að tengjast rafbókasafninu og leitir.is og nýta sér möguleika þess.
- Taka á móti hópum, þá sérstaklega leik- og grunnskólahópum.
- Standa fyrir fjölbreyttum viðburðum sem efla læsi, hvort sem átt er við samfélags- og menningarlegt læsi eða læsi á bókmenntum.
- Samstarf við félag eldri borgara.
- Fjárhags- og starfsáætlunargerð.
- Miðlun efnis og upplýsinga til samfélagsins, t.d. í gegnum samfélagsmiðla.

Meginverkefni næsta árs (2022)

- Fastar heimsóknir leikskólabarna á mánudögum og þriðjudögum halda sínu striki
- Starfsmenn fá ítarlega fræðslu um Uppbyggingarstefnuna og hvernig megji nýta hana í starfi bókasafnsins, þá sérstaklega í vinnu með börnum.
- Halda áfram með fjölbreytta viðburði sem styðja við fræðslu, fjölmenningu og læsi.
- Samverustundir fyrir börn og fullorðna verða að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Byrja með *Stólajóga* sem kemur í staðinn fyrir hugleiðsluhádeginn sem voru áður. Tíminn samanstendur af mjúkum hreyfingum sem henta öllum og stuttri slökun/hugleiðslu í endann.
- Vinna áfram að grisjunarstefnu bókasafnsins.
- Bjóða upp á opna tíma þar sem fólk getur komið með ýmis tæki og fengið aðstoð við tæknileg atriði, t.d. búa sér til netfang, tengja sig við streymisveitur, læra á rafbókasafnið og fleira. Athuga samstarfsmöguleika við ungmennaráð eða félagsmiðstöðina.
- Finna langtímalausn fyrir afskrifaðann bókakost. T.d. setja á laggirnar „bókabúð“ með gömlum og afskrifuðum bókum þar sem fólk getur keypt bækur fyrir lága upphæð eða halda reglulega bókamarkaði.

- Koma upp aðstöðu með saumavél þar sem viðskiptavinir geta fengið að nota hana til ýmissa verkefna, rétt eins og borðtölvur sem stendur almenningi opin til notkunar.
- Kynna bókasafnið enn betur með það að leiðarljósi að sem flestir geti nýtt sér það til samveru, viðburða og sköpunar.
- Nýta sýningarskáp safnsins enn betur til að kynna listamenn af svæðinu, m.a. með því að bjóða einstaklingum sem vinna að sköpun (handverki, myndlist, ljósmyndun o.fl.) að sýna afrakstur verka sinna í skápnum.
- Halda áfram að bjóða upp á nýjungar á samfélagsmiðlum og viðhalda góðu upplýsingaflæði til samfélagsins í gegnum heimasíðu, fésbókarsíðu og Instagram reikning safnsins. Halda áfram að þróa heimasíðu safnsins og gera hana upplýsandi og aðgengilega öllum.
- Kynna Rafbókasafnið enn frekar fyrir lánþegum bókasafnsins. Bjóða upp á kennslu á safninu fyrir þá sem vilja.
- Halda áfram með sumarlestur sem endar á veglegri lestrar – uppskeruhátíð.
- Bjóða upp á upplestur úr nýútgefnum bókum eða fyrirlestra frá rithöfundum fyrir jólin.
- Sameiginleg jóladagskrá allra safnanna í Dalvíkurbyggð og Menningarhússins Bergs.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Bókasafnið hefur verið í góðri samvinnu við skólastofnanir Dalvíkurbyggðar en alltaf má gera betur. Það er alltaf markmið bókasafnsins að efla samvinnuna og bæta við fleiri möguleikum.
- Haldin var listasýning í samvinnu safnanna og elsta hópsins á Leikskólanum Krílakoti í sýningarsal Menningarhússins Bergs í febrúar á árinu. Stefnt er að því að þróa það verkefni áfram og gera hana jafnvel veglegri í febrúar 2022.
- Bókasafnið hefur á þessu ári styrkt samstarf sitt við menningarhúsið Berg enda er það nú komið undir sama forstöðumann og bókasafnið.
- Bókasafnið tók þátt í ótal samstarfsverkefnum á árinu eins og fram hefur komið en má þar nefna íþróttamiðstöðina, vinnuskólann, tónlistarskólann, menningarhúsið Berg, byggðasafnið Hvol og ráðhúsið. Stefnt er á að viðhalda góðu sambandi við aðrar stofnanir og svið í sveitafélaginu og halda áfram að rækta það og efla.

Upplýsingamiðstöðin

- Í upphafi sumars fóru allir starfsmenn safnanna ásamt sumarstarfsmönnum um svæðið þar sem þeir hittu helstu ferðaþjónustuaðila, fengu innsýn í þá þjónustu sem er í boði og upplifðu á eigin skinni möguleikana sem standa ferðamönnum til boða. Þessi ferð reyndist mikilvæg, styrkti samband starfsmanna við ferðaþjónustuaðila og eflði þá í upplýsingagjöf til ferðamanna.
- Sumarið 2021 var óvenjulegt að því leyti að erlendir ferðamenn voru af afar skorum skammti á landinu í heild líkt og sumarið á undan. Helsti markhópur

upplýsingamiðstöðvarinnar til þessa hafa verið erlendir ferðamenn síðustu tvö ár hafa það frekar verið innlendir ferðamenn sem koma í upplýsingaleit. Starfsmaður sem annars átti að sinna daglegri upplýsingagjöf í sumar á miðstöðinni sinnti því verkefnum safnanna á rólegum tímum.

- Upplýsingamiðstöðin mun halda áfram að þróa leiðir til að vera gagnvirk, framsækin og leiðandi á sviði þjónustu við ferðamenn.

Greinagerð um breytingar og nýmæli

Húsgögn í barnahorni eru komin til ára sinna og mikilvægt að endurnýja þau áður en um langt líður. Þá er sérstaklega átt við stóla og borð og hugsanlega sófa sem staðsettur er í barnahorni. Það er kominn tími á að yfirfara bókahillur í barnahorni og ýmist afþreyingarefni. Gera má ráð fyrir einhverjum kostnaði í þessar breytingar sem verður gert ráð fyrir á næstu fjárhagsáætlun.

Lykiltölur

	2017	2018	2019*	2020	2021
Starfsmannafjöldi	3	3	3	3	3
Stöðugildi	1,25	1,25	1,25%	1,25	1,10
Meðalstarfsaldur á starfsstað	>6	>6	>4,5	>4,5	>4
Heildarstærð húsnæðis fm	293fm	294 fm	294 fm	294 fm	294 fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	3	2	3	3	3
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	75%	100%	75%	100%	100%
Fjöldi umsókna um styrki	0	0	0	0	0
Fjöldi fenginna styrkja	0	0	0	0	0
Fjöldi útlána á bókasafni	13.268	7.600	12.072	9.656	9.313
Fjöldi virkra lánþega	707	753	515	420	361
Fjöldi opnunardaga á safni	202	207	293	275	265
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	15	71	75	25	15
Fjöldi tengdra titla umfram grisjun	-99	407	782	582	117
Fjöldi keyþra titla	820	421	435	612	462
Fjöldi skráðra bóka/tón/mynd.	30.305	30.713	31.148	31.644	31.761



DALVÍKURBYGGÐ

Fjöldi auglýstra viðburða á safni	41	53	19	14	13
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	4	4	4	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	5	5	2	3	4

* m.v. 1. sept. 2020- 1. Sept. 2021

Framtíðarsýn til 2025

Bókasafnið mun halda áfram að sækja fram og aðlaga sig örum þjóðfélagsbreytingum.

- Halda áfram að útfæra fjölbreyttar leiðir til að miðla upplýsingum til bæjarbúa.
- Vinna áfram að því að gera rými bókasafnsins aðgengileg fyrir fjölbreytta starfsemi, einstaklinga og hópa. Safnið á alltaf að vera aðgengilegt, hvort sem litið er til aðgengis um safnið, að safnkosti eða að fjölbreyttum notkunarmöguleikum rýmisins.
- Byrja aftur með foreldramorgna þar sem einu sinni í mánuði er boðið upp á fjölbreytta fræðslu fyrir nýbakaða og reynslumeiri foreldra.
- Halda hádegis- og seinnipartsfyrirlestra um efni sem tengjast nærumhverfinu sem og eru fræðandi og upplýsandi fyrir almenning.
- Halda áfram að bjóða upp á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa, spiladaga, handavinnuhittinga, sögustundir, stólajóga, leikjadaga, föndur, leshópa og margt fleira.
- Vinna áfram að því að bjóða lánþegum upp á fjölbreyttan safnkost (bækur, rafbækur, hljóð og mynd).
- Vinna áfram að leiðum til að stuðla að endurnýtingu, auknu deiliahagkerfi og grænni skrefum, m.a. með því að bjóða fleiri hluti til láns en bækur, t.d. kökuform, spil, verkfæri og fleira.
- Festa jóladagskrá safnanna í sessi og gera hana veglegri með hverju árinu.

Héraðsskjala- og listaverkasafn Svarfdæla

Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Svarfdæla varðveitir hluta af menningu þeirra sem búa í byggðarlaginu. Þar er arfur fyrri kynslóða geymdur og fær þá meðferð sem við á.

Hlutverk

Héraðsskjalasafnið annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala frá afhendingarskyldum aðilum, þ.e. embættum, stofnunum og félögum í Dalvíkurbyggð skv. lögum um opinber skjalasöfn frá 2014. Jafnframt fer fram söfnun skjala einstaklinga og félagasamtaka auk ljósmynda, hljóð- og myndrita, sem varða sögu sveitarfélagsins eða íbúa þess á einhvern hátt. Eitt af hlutverkum Héraðsskjalasafns Svarfdæla er að hafa umsjón með og stýra



DALVÍKURBYGGÐ

lögbundnu eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi stjórnýslu og stjórnvalda. Héraðsskjalasafn ber ábyrgð á því að aðgengi að safnkostinum með viðhlítandi takmörkunum vegna trúnaðar og persónuverndar sé ætíð tryggt. Megin verkefni safnsins er þó fyrst og fremst að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum sem varpa ljósi á sögu og menningu Dalvíkurbyggðar (úr reglugerð fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggð).

Helstu verkefni og innra starf

Á safninu eru þrír fastráðnir starfsmenn í samtals einu heilu stöðugildi þar sem Björk Hólm er héraðsskjalavörður, Anna Sigríður sinnir flestum daglegum verkefnum á safninu í hlutverki deildarskjalavarðar og síðan bætist við 15% hlutfall þar sem starfsmaður safna sinnir ýmsum tilfallandi verkefnum.

Helstu verkefni héraðsskjalasafnsins eru:

- Að taka á móti afhendingum, skrá þær í forritið Filemaker og veita viðeigandi varðveislu.
- Skráning ljósmynda í forritið Fotostation.
- Skönnun og miðlun ljósmynda.
- Svava fyrirspurnum í gegnum tölvupóst og símtöl.
- Halda skrá yfir gesti og fyrirspurnir þar sem allar upplýsingar eru skráðar.
- Þjónusta viðskiptavini hvort heldur sem er við almenna upplýsingaleit eða efni úr safnkosti.
- Halda fasta opnunartíma og bjóða upp á aðstoð og aðstöðu á lesstofu.
- Móttaka hópa, leiðsögn og fræðsla.
- Umsjón með ljósmyndahópi sem hittist vikulega á Héraðsskjalasafninu.
- Forstöðumaður hefur sótt námskeið og ráðstefnur í tengslum við starfið en margir fastir liðir hafa verið felldir niður á árinu eða færðir vegna kórónuveirufaraldursins.

Meginverkefni næsta árs (2022)

- Fara yfir og leggja drög að skjalavistunaráætlunum fyrir opinberar stofnanir þar sem við á.
- Halda áfram að vinna með heimasíðu safnsins, styrkja innihald hennar og kynna hana betur til notenda og skilaskyldra aðila.
- Halda áfram að vinna að lausnum að langtímavarðveislu fyrir hljóðsafnið sem er partur af safnkosti Héraðsskjalasafnsins.
- Halda áfram með að virkja safnið á samfélagsmiðlum.
- Hrinda af stað verkefninu „Heimild mánaðarins“. Drög að verkefninu hafa nú þegar verið lögð og stefnt er að því að birta umfjöllunina á heimasíðu og facebooksíðu safnsins.
- Hvetja kennara skólastofnanna til að nýta sér safnið í auknum mæli og bjóða upp á spennandi hugmyndir um hvernig tengja megi fjölbreytt kennslustarf við safnkostinn.
- Gera listaverkasafnið aðgengilegra, t.d. með því að kanna möguleika á að færa það á Sarpinn (sarpur.is).

- Gera lesrými fyrir almenning aðgengilegra og auglýsa það sem hentugan kost fyrir skólafólk að nýta sér til lærdóms.
- Ljósmyndahópurinn hefur að mestu legið niðri en áætlað er að hefja starfið aftur á haustmánuðum 2021.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

- Enn sem komið er eru allar ljósmyndir skráðar í gagnagrunn sem aðeins er aðgengilegur starfsmönnum safnsins. Við teljum mikilvægt að opna aðgengi að skráðum ljósmyndum svo almennir safngestir hafi kost á því að skoða það sem til er. Forstöðumaður leggur til að skoða möguleika á því að færa skráðar ljósmyndir í gagnagrunninn Sarp þar sem hann gæti einnig nýst sem skráningargrunnur fyrir Listaverkasafn Dalvíkurbyggðar. Þær leiðir sem enn eru til skoðunar eru annarsvegar að kaupa viðbót við fotostation sem varpar ljósmyndum með aðgengilegum hætti á alnetið eða að færa alla ljósmyndaskráningu yfir á Sarpinn. Ekki er komin niðurstaða hvor kosturinn er heppilegri.
- Heimasíðan fór í alsherjar yfirhalningu á árinu. Stefnt er að því að vinna áfram að fræðslu og afþreyingarefni fyrir síðuna og að hún geti bæði nýst sem leiðbeinandi fyrir skilaskilda aðila sem og fræðandi fyrir almenning.
- Í langan tíma hefur staðið til að finna listaverkasafninu betri og öruggari varðveislustað.

Lykiltölur

	2017	2018	2019*	2020*	2021*
Starfsmannafjöldi	3	3	3	3	3
Stöðugildi	0,75	1	1	1,15	1
Meðalstarfsaldur á starfsstað	3	4,5	5	3	2,5
Heildarstærð húsnæðis	150 fm	150fm	150 fm	150 fm	150 fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	2	2	2
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	50%	50%	75%	100%	100%
Fjöldi umsókna um styrki	2	1	0	0	0
Fjöldi fenginna styrkja	1	0	1	0	0
Fjöldi opnunardaga á safni	89	90	90	60	60
Fjöldi afhendinga á árinu	52	59	55	18	23
Fjöldi beiðna um aðstoð/lán frá safni	62	57	45	40	71
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	6	20	0	1	1
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn og stofnanir	3	3	1	2	2
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	3	3	1	2	2

*m.v. 1. sept. 2020– 1. sept. 2021

Framtíðarsýn til 2025

- Að gera ljósmyndasafnið aðgengilegt á veraldarvefnum, til dæmis í gegnum Sarp.
- Mynda eða skanna inn gömul skjöl og gera þau aðgengileg almenningi á heimasíðu Héraðsskjalasafns Svarfdæla.



DALVÍKURBYGGÐ

- Gera markvissa áætlun fyrir hljóð- og myndsafn safnsins og gera það aðgengilegt fyrir safngesti. Útbúa aðstöðu þar sem safngestir geta hlustað og/eða skoðað hljóð- og myndefni safnsins.
- Halda áfram viðræðum við önnur héraðsskjalasöfn á Norðurlandi um sameiginlegt móttökuverkstæði fyrir rafræna skjalavörslu.
- Nýta samfélagsmiðla og heimasíðuna með markvissum hætti til kynningar á safnkosti, aðstöðu og möguleikum sem felast í safninu.
- Styrkja og efla lögbundið eftirlitshlutverk héraðsskjalavarðar með opinberum stofnunum Dalvíkurbyggðar og öðrum skilaskyldum aðilum, t.d. í gegnum sameiginlegt átaksverkefni í skjalamálum stofnunum Dalvíkurbyggðar.
- Yfirfæra VHS, slidesfilmur og hljóðefni í staf- og rafrænt form.
- Betrumbæta geymslu fyrir listaverkasafnið. Núverandi geymsla er ekki fullnægjandi fyrir listaverkin þar sem vatnslagnir liggja yfir verkunum. Lausn á betri varðvörslustað er bæði nauðsynleg og brýn.

Byggðasafnið Hvoll

Leiðarljós

Safnið varðveitir og rannsakar menningararf byggðarlagsins og kynnir fyrir gestum safnsins sögu og menningarverðmæti sveitarfélagsins.

Hlutverk

Byggðasafnið sinnir þeim kröfum sem gerðar eru til viðurkenndra byggðasafna samkvæmt safnalögum nr. 10/2011 og siðareglum safna sem ICOM, alþjóðaráð safna gefur út. Einnig er unnið samkvæmt Menningarstefnu Dalvíkurbyggðar sem var samþykkt 8. maí 2007 en endurskoðuð í mars 2011 svo og söfnunarstefnu safnsins sem var samþykkt árið 2009 og endurskoðuð árið 2016. Jafnframt skal safnið framfylgja stofnskrá sinni. Safnið er þjónustustofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann.

Helstu verkefni og innra starf

- Á safninu eru tveir fastráðnir starfsmenn í samtals 50% stöðuhlutfalli. Auk þeirra er einn starfsmaður í sumarafleysingum frá júní - ágúst í 90% stöðuhlutfalli.
- Eftir góða raun sumarið 2020 var ákveðið að halda áfram samþættingu sumarstarfa á söfnum Dalvíkurbyggðar. Einn starfsmaður var ráðinn á Byggðasafnið en sá starfsmaður sinnti verkefnum á byggðasafni, upplýsingamiðstöð og bókasafni í samvinnu við aðra tvo sem ráðnir voru á bókasafn. Þannig fengu allir starfsmenn þjálfun og reynslu á þessum þremur starfsstöðvum og virðist þetta fyrirkomulag lukkast vel.
- Hólakot, elsta deildin á leikskólanu heimsótti Byggðasafnið reglulega í vetur í bland við heimsóknir á bókasafnið. Tekin var sú ákvörðun að aðeins elsta deildin myndi heimsækja byggðasafnið í stað þess að allar þrjár deildirnar sem koma í safnaheimsóknir komi á Hvol. Var þessi ákvörðun tekin með það að leiðarljósi að

heimsóknin myndi hæfa betur þroska og áhuga barnanna. Reynslan sýndi að yngstu börnin fengu lítið úr heimsóknunum og með þessu móti var hægt að leggja meiri metnað í heimsóknir eldri barnanna. Með þessum hætti verður heimsókin á Hvol spennandi viðbót sem kemur með því að færast á elsta leikskólastig og geti jafnvel þjónað tilgangi sem undirbúningur fyrir grunnskólastig.

- Í samstarfi við bókasafnið og Menningarhúsið Berg unnu leikskólabörnin á Hólakoti spennandi verkefni þar sem hvert og eitt þeirra valdi sér mun á safninu sem þau síðan máluðu mynd af og settu upp á stórt plagg. Afraksturinn var síðan sýndur á listasýningu í Menningarhúsinu Bergi í febrúarmánuði auk þess sem við tókum við þau stutt viðtal um valið á muninum og annað sem þau vildu láta fylgja með. Þetta verkefni tókst virkilega vel og stefnt er á að þróa þetta starf enn frekar og endurtaka það í febrúar 2022 með jafnvel glæsilegri hætti en síðast.
- Byggðasafnið Hvoll er opið alla daga frá 1. Júní til 31. ágúst frá kl. 10.00-17.00 en eftir þann tíma fellur formlegur opnunartími niður. Allt árið er þó hægt að panta heimsókn á safnið fyrir hópa í gegnum forstöðumann.
- Nokkrir skólahópar úr nærliggjandi sveitafélögum heimsóttu safnið á vordögum og fengu fræðslu frá forstöðumanni. Nokkrir skólar hafa nú gert það að hálfgerðri hefð að enda skólastarfið að vori á heimsókn á Byggðasafnið. Við vonum að sú hefð sé komin til að vera.
- Skráning muna í gagnagrunnin Sarp hefur í gegnum tíðina tekið mið af styrkveitingum frá Safnasjóði og vonandi verður hægt að halda því áfram með haustinu.
- Forstöðumaður tók þátt í Farskóla Safnmanna á Stykkishólmi dagana 13.-15. október.
- Síðast en ekki síst þá hlotnaðist Byggðasafninu Hvoli Öndvegisstyrkur frá Safnasjóði í upphafi árs 2021. Styrkurinn er upp á 10.000.000 krónur sem skiptist niður á 3 ár. Styrkurinn er eyrnamerkur nýrri uppsetningu safnsins í endurbættum húsakynnum Gamla skóla og mun verkefnið hefjast fyrir alvöru í lok árs 2021. Styrkurinn er með réttu mikill öndvegisstyrkur þar sem mikið verk er fyrir höndum og stefnt er á að byggja safn sem Dalvíkingar geta verið stoltir af til framtíðar.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Heimsóknir leik- og grunnskólabarna á safnið.
- Samvinna við Bóka- og héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar.
- Eftir atvikum önnur fagsvið sveitarfélagsins.
- Samstarf við söfn í Eyjafirði í gegnum félagsskapinn *Safnaklasinn*.

Meginverkefni næsta árs (2022)

- Stefnumótun, hönnun, undirbúningur og vinna við uppsetningu nýs safns í Gamla skóla.
- Ljúka við tæmandi skráningu á öllum munum safnsins, ástand og stöðu skráningar í Sarpinn. Þegar þessi vinna líkur er auðveldara að átta sig á safneigninni auk þess sem það auðveldar við hönnun og uppsetningu nýrrar sýningar á nýjum stað.
- Áframhaldandi skráning á safnmunum í Sarp ef styrkveitingar fást.
- Safnamál Dalvíkurbyggðar í heild sinni verða áfram til skoðunar með tilliti til stefnumörkunar um safnastarf á landsvísu.
- Áframhaldandi safnfræðsla fyrir grunn- og leikskóla.

- Áframhaldandi þátttaka í opinberlegum viðburðum líkt og Eyfirska safnadesinum sem vonandi verður hægt að halda hátíðlegan á næsta ári.
- Endurbætur á grunnsýningu og hugsanlega nýjar örsýningar.
- Auka viðburði á vegum safnsins yfir sumartímann. Vegna kórónuveirufaraldursins og takmarkanna í kjölfar hans reynist ómögulegt að standa fyrir viðburðum á safninu síðustu tvö sumur. Við vonum innilega að þar verði mikil breyting á næsta sumar.

Verkefni sem byrjað var á 2020 sem voru kláruð árið 2021

- Tiltekt í geymslu safnamuna og endurskoðun á skipulagi safnsins.
- Síðasta ár hafa munir Byggðasafnsins Hvals verið yfirfarnir, skráðir, mun fyrir mun, ástand þeirra kannað og staða skráningar í Sarpinn. Þessari vinnu er hvergi nær lokið en stefnt er á að ljúka henni fyrir mitt næsta ár.
- Nýir samfélagsmiðlar voru teknir í gagnid fyrir safnið, bæði fésbókarsíða og Instagram reikningur. Sumarstarfsmenn voru iðnir við að setja inn myndir í sumar og hvetja íbúa og gesti til að heimsækja safnið.

Ný verkefni og verkefni í sýningu inn á árið 2022

- Heimasíða safnsins verður í stöðugri endurskoðun.
- Skráning á safnmunum í Sarp.
- Aukið samstarf við önnur söfn í Eyjafirði og aukin markaðssetning.

Húsnæðismál

Tekin hefur verið ákvörðun um að flytja safnið í nýtt húsnæði og standa því húsnæðismál safnsins til bóta. Í því húsnæði verður sérstaklega litið til aðgengis á sýningunni og á allar hæðir. Hins vegar þarf að skoða hvaða bráðabirgða aðgerða er hægt að grípa til þangað til að safnið flytur því eins og staðan er í dag er víða pottur brotinn.

Lykiltölur

	2017	2018	2019*	2020*	2021*
Starfsmannafjöldi	3	3	3	3	2
Stöðugildi	0,75	1,2	1,2%	0,5	0,5
Meðalstarfsaldur á starfsstað	15	15	20	3	2
Heildarstærð húsnæðis	300,1 fm	300,1 fm	300,1 fm	300,1 fm	300,1 fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	2	2	1
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0%	0%	0%	100%	100%
Fjöldi umsókna um styrki	0	0	0	1	2
Fjöldi fenginna styrkja	0	0	2	1	2
Fjöldi heimsókna á safnið	1387	1387	1325	2112	2340
Fjöldi opnundaga á safni	122	109	92	92	102
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	1	2	7	6	12
Fjöldi skráðra muna í Sarp	5000	5000	4427	4427	4432
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	0	0	2	2	2
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	0	0	1	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	3	0	0	3	2

*m.v. 1. sept. 2020-1. sept. 2021



DALVÍKURBYGGÐ

Framtíðarsýn til 2025

Forsendur

Verkefni umfram hefðbundin störf á byggðasafninu velta á því hvort styrkveitingar fái til að sinna nýjum verkefnum.

- Á áætlun er að hanna byggðaþróunarkort af Dalvík sem síðan verður aðgengilegt á safninu í rafrænu formi. Hugmyndin er að þetta verði að einhverskonar margmiðlunarsýningu sem sýnir þróun Dalvíkurbyggðar. Þróunarkortið er nú þegar til á heimasíðu safnsins en þyrfti að vera aðgengilegt á margmiðlunarskjá á staðnum.
- Húsnæðismál og safnamál verði áfram til skoðunar með söfnunarstefnu og fyrirhugaða flutninga safnsins í huga.
- Endurskoða og bæta merkingar á safninu fram að flutningum.
- Uppfærsla á jarðskjálftasýningu. Margmiðlun og dýpri nálgun á þessum merkilega atburði. Breyta formi sýningar í meiri upplifun, m.a. með hljóði, frásögnum og lýsingu. Ef ekki er hægt að verða við breytingum strax verða þessar hugmyndir hafðar að leiðarljósi við hönnun nýrrar sýningar.
- Yfirfara númer á safngripum og merkingar á safni. Hafa betri yfirsýn yfir það hvaða munir eru skráðir í Sarp. Stefnt er að því að hafa margmiðlunarskjá þar sem Sarpur er tengdur svo að safngestir getir flett upp gripum og fræðst enn betur um þá.
- Stefnt er að því að útbúa einhverslags hljóðleiðsögn á íslensku og ensku. Eins þyrfti að þýða texta yfir á ensku þar sem langflestir textar eru aðeins á íslensku.

Víkurröst/Barna- og unglingastarf - félagsmiðstöð

Leiðarljós og hlutverk

Víkurröst frístundahús hefur það að leiðarljósi að standa fyrir faglegu starfi sem unnið er á vettvangi frítímans jafnframt því að veita samfellda þjónustu í góðri samvinnu við alla sem að því koma. Að lýðræði og jafnrétti eru ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu. Að vera staður þar sem börnum og unglingum gefst tækifæri til þess að þjálfa félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni. Að taka skýra afstöðu gegn allri neikvæðri hegðun, svo sem fordómum og neyslu vímuefna. Að vera staður þar sem íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri býðst að nýta sér aðstöðu með verkefnum sem hafa jákvæð áhrif og efla félagsauð.

Aðalmarkhópur frístundahússins er ungt fólk á aldrinum 10 – 16 ára. Lykilhugtök í fagstarfi með börnum og unglingum eru lýðræðisleg þátttaka, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, jafnrétti, samskiptafærni, gagnrýnin og skapandi hugsun. Fjölbreytni í starfinu skiptir miklu máli svo að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Helstu verkefni og innra starf

- Starfsmenn í hlutastarfi fá þjálfun að mestu í gegnum handleiðslu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.



DALVÍKURBYGGÐ

- Samráðsfundir starfsmanna og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa eru haldnir mánaðarlega, sem og vinnudagur starfsmanna að hausti og í janúar. Einnig er stefnt að því að allt starfsfólk sækir starfsdaga Samfés í september.
- Allt starfsfólk mun temja sér áherslur Uppbyggingarstefnunnar.
- Víkurröst tekur þátt í verkefninu Heilsuefandi samfélag með því að skipuleggja viðburði og námskeið sem taka mið af verkefninu.
- Þátttaka í starfi Samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi (SAMFÉS).

Meginverkefni næsta árs (2022)

Þróa áfram starfsemi 10-12 ára í félagsmiðstöðinni og efla klúbbstarf (t.a.m. rafíþróttaklúbbinn).

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- **Heilsuefandi Dalvíkurbyggð:** Unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- **Fjölmennning:** Unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Starfsmannamál

Allir starfsmenn næsta vetrar hafa komið að starfseminni a.m.k. síðustu tvö ár. Þeir skipta með sér þeim vöktum sem þarf að manna ásamt klúbbstarfi. Einnig kemur til greina að ráða utanaðkomandi aðila til aðstoðar við klúbbstarf en þá er verið að sækja í sérþekkingu sem er ekki til staðar í starfsmannahópnum.

Stefnt er á umsókn í Erasmus+ vegna þjálfunar starfsfólks. Ef styrkur fæst, verður líklega farið í vettvangsheimsókn og/eða starfsspeglun (e. job shadowing) árið 2022.

Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara alla jafna í gegnum Dalvíkurskóla en þar er notast við Mentor.
- Félagsmiðstöðin heldur úti samfélagsmiðlum. Notast er við þá miðla hverju sinni sem ungmennin eru að nota. Nú er Instagram helsta forritið og fara flestar upplýsingar um starfið þangað inn.
- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hefur viðveru í Dalvíkurskóla tvisvar í viku yfir lengstu frímínúturnar. Þá veitir hann upplýsingar um starfsemina og það sem framundan er. Einnig er félagsmiðstöðin með upplýsingatöflu í Dalvíkurskóla sem íþrótt- og æskulýðsfulltrúi uppfærir í heimsóknum sínum í skólann tvisvar í viku.

Lykiltölur

	2018	2019	2020	2021*
Starfsmannafjöldi	5	4	8	6
Stöðugildi	1,5	1,5	1,5	1,5
Meðalstarfsaldur	0,5	1	2	3
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal síðustu 18 mán.	0%	0%	0%	0%



DALVÍKURBYGGÐ



Hlutfall af fjárhagsáætlun	96%	103%	89,5%	53%*
----------------------------	-----	------	-------	------

*Míðað við 01.09.2021.

Framtíðarsýn

- Að vera leiðandi í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að vera vettvangur sem sinnir einstaklingsbundnum þörfum og eflir hvern og einn út frá þeirra forsendum og styrkir sjálfsmynd hvers og eins.
- Að vera leiðandi í þjálfun á lykilfærni hjá börnum unglíngum, s.s. samskipta- og félagsfærni.
- Allir þeir sem starfa í félagsmiðstöðinni séu með menntun við hæfi.

Íþróttamiðstöðin á Dalvík

Leiðarljós og hlutverk

Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar á að vera leiðandi og veita góða þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Íþróttamiðstöðin er staður þar sem hægt er að efla félagsauð í fjölbreyttri flóru fólks sem kemur saman til að stunda áhugamál sín. Mikilvægt er að gestir íþróttamiðstöðvar á öllum aldri finni jákvætt viðmót og að þeir séu velkomnir hvort sem það er til að taka sundsprett, lyfta lóðum, sparka bolta eða eiga spjall yfir kaffibolla.

Helstu verkefni og innra starf

- Reglulegir starfsmannafundir, ekki færri en sjö á ári, gegna mikilvægu hlutverki í að meta stöðuna hverju sinni og eru nauðsynlegur þáttur í starfsþróun.
- Árleg fræðsla starfsfólks sem ætlast er til samkvæmt lögum, s.s. skyndihjálpi og sundpróf.
- Fræðsla með Dalvíkurskóla. Mikilvægt að skóli og íþróttamiðstöð séu samstíga og starfsfólk íþróttamiðstöðvar fái sambærilega fræðslu og starfsfólk grunnskóla, til dæmis hvað varðar Uppbyggingarstefnu og aðrar stefnur sem unnið er eftir hverju sinni.
- Íþróttamiðstöðin heldur áfram að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag með því að skipuleggja námskeið fyrir sem breiðastan aldurshóp og notar merki verkefnisins í auglýsingum.
- Notendum íþróttamiðstöðvarinnar berast upplýsingar með ýmsum hætti, til dæmis í gegnum samfélagsmiðla, heimasíður og með almennum auglýsingum. Einnig eru upplýsingaskjái í anddyri sem veita gestum upplýsingar á staðnum.
- Vaktaskipti eru notuð til almennrar upplýsingagjafar milli starfsmanna.
- Gott upplýsingaflæði milli skóla og íþróttamiðstöðvar. Haldnir eru fundir með starfsfólki íþróttamiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, íþróttakennurum og skólástjóra Dalvíkurskóla a.m.k. tvisvar á ári.

Meginverkefni næsta árs (2022)

Halda áfram að þróa opnunartíma ræktarinnar. Bregðast við með nýjungum en um leið að horfa til þess hvað markaðurinn vill. Það þarf að huga að föstum viðskiptavinum sem og að reyna að fá sem mesta nýliðun í hús. Hvort sem það er sund eða rækt. Samhliða þessu þarf að huga að endurnýjun á búnaði og húsnæði svo hægt verði að bjóða upp á sem besta aðstöðu til heilsueflingar.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- **Heilsueflandi Dalvíkurbyggð:** Unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- **Fjölmennning:** Unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Starfsmannamál

- Töluverð breyting hefur verið á starfmannahópi Íþróttamiðstöðvar undanfarin ár, nú komin aðeins meiri festa í starfsmannahópinn. Í september 2021 er staðan þannig að vitað er að einn starfsmaður fer í fæðingarorlof á árinu 2022 en auglýst verður eftir afleysingu þegar þar að kemur.
- Stefnt er að fræðsluferð starfsmanna til Madrid árið 2022. Sótt verður um í mannauðssjóð Kjalar eins og gert var fyrir fræðsluferð íþróttamiðstöðvarinnar til Danmerkur árið 2016.

Lykiltölur

	2018	2019	2020	2021*
Starfsmannafjöldi	6	6,5	7	7
Stöðugildi	5,8	6,3	6,3	6,5
Meðalstarfsaldur	5	3	2	3
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	100%	0%	100%	100%
Hlutfall af fjárhagsáætlun	96%	103%	97%	63%*

*Miðað við 01.09.2021.

Framtíðarsýn til 2025

- Huga þarf að endurnýjun girðingar umhverfis sundlaugarsvæðið.
- Huga þarf að viðhaldi á húsnæði næstu árin. Það er að koma tími á endurnýjun á gólfefni í íþróttamiðstöð.
- Vinna áfram eftir endurnýjunaráætlun fyrir líkamsræktartæki og búnað í íþróttasal.